

Engilbert lét af starfi forseta lækna-
deildar 1. júlí. Þórarinn Guðjónsson
prófessor tók þá við. Mynd/Auður
Bergþórsdóttir



Engilbert Sigurðsson

Cheerios í morgunmat og fiskispjót um kvöldið

Dagur í lífi forseta læknaeildar

Þriðjudagur 29. júní

7:05 Vakna við fuglasöng rétt áður en vekjaraklukkan hringir. Er með vöðva-verki í baki eftir að hafa spilað 18 holu golf tvo daga í röð í fyrsta sinn í sumar. Líklega aðeins 2-3 starfsdagar eftir þar til ég hef lokið tveimur kjörtímabilum sem forseti læknaeildar og Þórarinn Guðjónsson prófessor tekur við keflinu. Tímabilinu lýkur þó ekki fyrir en niðurstöður inn-tökuprófsins í læknisfræði og sjúkraþjálfun hafa verið birtar, vonandi næst það fyrir vikulokin.

7:10 Sturta, Cheerios og góður kaffibolli. Fletti Fréttablaðinu á netinu á meðan.

7:30 Les yfir ólesna tölvupósta og skipulegg daginn.

8:30 Mæti á skrifstofu læknaeildar. Unnið er að lokafrágangi inntökuprófsins. Að mörgu þarf að huga í lokafráganginum. Starfsfólk skrifstofunnar vandar mjög til verka við frágang gagna áður en þau fara til tveggja stærðfræðinga sem annast útreikningana.

9:00-9:30 Tek tvö símtöl og geng frá Medical Student Performance Evaluation bréfi (MSPE, áður kölluð Dean's Letter) fyrir íslenskan lækni sem er að sækja um sérnám í Bandaríkjunum.

9:30-10:00 Svara tölvupóstum um ýmis mál tengd námi og rannsóknum.

10:00-10:30 Ingibjörg Harðardóttir prófessor sem hefur verið varadeildarforseti deildarinnar síðustu fjögur ár lítur inn til að kveðja. Ingibjörg er einstaklega vandvirkur og traustur samstarfsmaður sem hefur leitt starf Rannsóknarnámsnefndar læknaeildar í nokkur ár. Spjöllum um

hvað er framundan og þökkum hvort öðru samstarfið.

10:30-12:00 Svara fleiri tölvupóstum. Þarf svo að ganga upp á Landspítala til að kenna þeim Rakel og Fanneyju, sérnámslæknum í heimilislækningum sem starfa á bráðamóttöku geðþjónustunnar í sumar, um notkun þunglyndislyfja, með áherslu á aukaverkanir, milliverkanir, skammtabreytingar, viðbótarlyf og lyfjabreytingar. Alltaf skemmtilegir tímar og mikið spurt. Það átta sig ekki allir á því að heimilislæknar skrifa út meiri hluta þeirra þunglyndislyfja sem notuð eru á Íslandi.

12:00-12:30 Hádegismatur á Landspítala Hringbraut með þremur góðum kollegum, tveimur krabbameinslæknum og einum meltingarfæralækni. Rætt um síðfræðikennslu fyrr og nú í læknaeild, inntökuprófið í læknisfræði og hvenær von sé á einkunnum úr því. Tvö þeirra tengjast nemum sem þreyttu prófið í ár.

12:30-13:00 Svara tölvupóstum og skilaboðum í Heilsugátt. Hringi í kjölfarið í sjúkling sem ég er með í eftirfylgd og hefur verið að glíma við versnandi þunglyndi. Breyti aðeins lyfjameðferð.

13:00-14:00 Byrja að lesa yfir ritgerð læknanema til BS-gráðu sem er unnin upp úr rannsóknarverkefni þriðja árs. Ritgerðin heitir Samfélagsleg virkni og örorka ungs fólks á Íslandi eftir snemmhlutun í geðrof. Vel unnin og áhugaverð.

14:00-14:45 Lokadagur fjórða árs læknanema í sumarskóla geðþjónustunnar til undirbúnings sumarvinnu þeirra á deildum í júlí og ágúst. Í dag er komið að stuttri könnun á þekkingu

þeirra eftir námskeiðið í Kahoot-forritinu. Tíu nemum skipt í 5 lið. Guðrún Dóra Bjarnadóttir kennslustjóri búin að fjárfesta í viðeigandi verðlaunum sem hún afhendir sigurliðinu. Þá er komið að einstaklingskeppni með spurningum sem reyna á almenna þekkingu. Mikil stemning í hópnum og sigurvegarinn hlýtur útivistarbók í verðlaun.

14:45-16:00 Tölvupóstar og símtöl.

16:00-17:00 Versla fyrir matarboð. Von á þremur læknanemum, einum sérnámslækni og einum sérfræðilækni í boð heim. Tilefnið er að þakka þeim einstaklega vel unnin aukastörf af margvíslegu tagi fyrir samnemendur og kollega í læknaeild á síðustu árum nú þegar ég er að hætta sem deildarforseti. Kaupi fisk, kjöt og oumph til að þörfum allra sé mætt. Eiginkonan tekur að sér að töfra fram ljúffengan eftirrétt, hráköku með súkkulaði og jarðaberjum.

17:00-19:00 Meðlæti útbúið og fiskispjótum, lambakonfektum og oumph skellt á grillið. Gleðst yfir sigri Englendinga á Þjóðverjum á EM.

19:00-23:30 Einstaklega skemmtilegt kvöld hjá okkur hjónum með þessu öflugan unga fólki, þeim Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Guðrúnu Dóru Bjarnadóttur, Rögnu Sigurðardóttur, Sólveigu Bjarnadóttur og Teiti Ara Theodórssyni. Örvhentur læknanemi ber sigur úr býtum í þúttkeppni með kylfu fyrir réttthenta eftir bráðabana.